

---

**F U N D A R G E R Ð**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2003-02</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 4. mars 2002 kl. 13:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Raforkunotkun ársins 2002.</b>
	<b>2) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2002.</b>
	<b>3) Notkunarflokkar raforku 2002.</b>
	<b>4) Gögn um afl.</b>
	<b>5) Húshitun.</b>
	<b>6) Almennar forsendur raforkuspár.</b>
	<b>7) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Guðmundur Guðmundsson  
Ólafur Pálsson  
Ólöf Nordal  
Agnar Árnason  
Jakob Ólafsson  
Jón Gestur Hermannsson  
Sigurður Ágústsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson  
Ingvar Baldursson

- 1) JV sagðist hafa uppfært tölur um raforkunotkun síðasta árs. Bæst hefðu við rúmar 3 GWh aðallega vinnsla í Álfsnesi með metangasi. JV sagði að kaup Rarik frá Sleitustöðum hefðu aldrei verið inni í vinnslutölum en nú væru kaup Orkubús Vestfjarða af slíkum aðilum innifalin . Ákveðið var að taka með í vinnslutölur öll kaup opinberra veitna frá einkaveitum.
- 2) JV dreifði nýjum drögum að stuttri fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs og einnig fyrstu drögum að langri tilkynningu. Hann sagði að það hefði dregist hjá sér að ganga frá þessu. JV var falið að ganga frá fréttatilkynningunum í samvinnu við Þorkel Helgason.

- 3) JV sagði að notkunarflokkar væru komnir frá Orkuveitu Reykjavíkur, Orkubúi Vestfjarða, Orkuveitu Húsavíkur og Selfossveitum. Einungis væri eftir að fá frá Hitaveitu Suðurnesja, Rafveitu Reyðarfjarðar og Rafmagnsveitum ríkisins. GG sagði að ekki væri hægt að fá gögn Rarik eftir veitusvæðum og hann mun greina þau í staðin niður á sveitarfélög. Hann lofaði gögnunum í vikunni. JGH sagði að það væri verið að vinna að því að fá þessi gögn hjá Hitaveitu Suðurnesja. JV sagði að Sigfús á Reyðarfirði væri úinn að lofa það senda notkunarflokkana næstu daga.
- 4) JV sagði að engin göögn um afl væru komin fyrir síðasta ár. IB sagði að Rarik menn væru búnir að lofa þeim fljótlega.
- 5) JV sagði að það væri verið að vinna í nýrri jarðvarmaspá sem ætti að vera tilúin í vor.
- 6) Engar sérstakar hugmyndir komu fram varðandi endurskoðun á almennu forsendunum samhliða gerð nýrrar raforkuspár.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:20. Næsti fundur ákveðinn 1. apríl 2003.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Fréttatilkynning. Raforkunotkun á uppleið.
- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2002.